

10
17. jan.

Skýrsla

um lán veitt úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum árin 1908—1910 samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907.

	Lánið veitt	Upphæð Kr.
1. Staður í Súgandafirði	10. ágúst 1908.	3000 00
2. Staður á Reykjanesi	s. d.	3000 00
3. Staður í Aðalvík	s. d.	3000 00
4. Staðarhraun	20. nóv. 1908.	3000 00
5. Staðastaður	21. s. m.	3000 00
6. Oddi	30. s. m.	1920 00
7. Breiðabólsstaður í Vesturhópi	25. marz 1909.	2714 29
8. Holt í Önundarfirði	8. maí s. á.	3000 00
9. Reynivellir	10. júní s. á.	2500 00
10. Rafnseyri	s. d.	1875 00
11. Barð	3. júlí s. á.	3000 00
12. Sandfell	17. sept. s. á.	1500 00
13. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð	18. febr. 1910.	2000 00
14. Melstaður	28. júní s. á.	3000 00
15. Hvanneyri	31. desbr. s. á.	2700 00

Stjórnarráðið 17. janúar 1911.

11
20. jan.

Viðauki

við lögreglusamþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, hefir stjórnarráðið samþykkt og staðfest eftirfarandi viðauka við 37. gr. lögreglusamþykktarinnar, er bæjarstjórnin hefir samið:

Viðauki

við 37. gr. lögreglusamþykktarinnar frá 14. desember 1908:

Á eftir orðunum »Á almennum veitingastað« bætist inn í:

»og öðrum almennum samkomustöðum«.